

Nd.

12. Frumvarp til laga

[12. mál]

um vaxtalækkun o. fl.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Ágúst Þorvaldsson, Óskar Jónsson, Einar Ágústsson, Gísli Guðmundsson, Halldór Ásgrímsson, Björn Pálsson, Halldór E. Sigurðsson, Ingvar Gíslason, Jón Skaftason, Sigurvin Einarsson, Skúli Guðmundsson, Þórarinn Þórarinsson.

1. gr.

Frá gildistöku laga þessara mega útlánsvextir ekki vera hærri en þeir voru 1. janúar 1960.

2. gr.

Vextir af afurðavíxlum, sem endurkeyptir eru af Seðlabankanum, mega ekki vera hærri en þeir voru á árinu 1959 (5—5½%).

3. gr.

Vaxtakjör og lánstími á lánum skulu breytast og verða hin sömu og á árinu 1959 hjá eftirtöldum aðilum: Fiskveiðasjóði Íslands, Stofnlánadeild sjávarútvegsins, Stofnlánadeild landbúnaðarins (sams konar lán og veitt voru úr Byggingarsjóði sveitabæja og Ræktunarsjóði Íslands) og Raforkusjóði.

4. gr.

Fjárhæðir þær, sem bundnar eru á reikningum banka og annarra innlánsstofnana hjá Seðlabankanum, samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, má ekki hækka frá því, sem þær eru við gildistöku laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, miðar að tvennu:

Vextir skulu færast í það horf, sem þeir voru fyrir vaxtahækkunina 1960. Reynslan hefur sýnt, svo að ekki verður um villzt, að með háum vöxtum hefur ekki tekizt að auka jafnvægi á peningamarkaðinum né tryggja hag sparifjäreigenda. Hins vegar hafa hinir háu vextir aukið mjög á dýrtíð og erfiðleika atvinnuveganna og stofnlánavextir reynzt óbærilega háir.

Sparifjörbinding sé afnumin í því formi, sem hún er nú og hefur verið, enda er auðséð, að hún hefur ekki náð tilgangi sínum. En á hinn bóginn er þjóðinni hin mesta nauðsyn að nota sparifé sitt til að efla atvinnuvegi sína.

Frysta spariféð í Seðlabankanum, sem tekið hefur verið úr umferð, nemur nú orðið nærri 1000 milljónum króna, og auk þess eru afurðalán úr Seðlabankanum verulega dregin saman.

Jafnframt hefur dýrtíðin verið mögnuð með endurteknum gengislækkunum og stórfelldum álögum. Fer því þó enn fjarri, að öll áhrif efnahagsráðstafana ríkisstjórnarinnar á vöxt dýrtíðarinnar séu komin fram.

Sú stefna ríkisstjórnarinnar að leita þess, sem hún kallar „jafnvægi“, með því að magna dýrtíðina og draga jafnframt inn sparifé til frystingar, veldur almenningi stórfelldum erfiðleikum við nauðsynlega uppbyggingu og atvinnurekstur. Hafa þessar ráðstafanir alveg tvímælalaust haft áhrif í þá átt að draga mjög úr framleiðslu og framleiðni frá því, sem ella hefði orðið.

Er það skoðun flutningsmanna, að nú ríði einmitt mest á því að gera öflugar ráðstafanir til að auka afköst og framleiðni atvinnuveganna í öllum greinum og reyna með því að komast út úr þeim stórfellda vanda, sem búið er að efna til.

Einhvern tíma kemur að því — og vonandi fyrr en seinna, að það verður að færa vinnutíma fólks í eðlilegt horf. En til þess að það hafi ekki í för með sér tilfinnanlegan tekjumissi, verður að auka framleiðsluna með aukinni tækni, meiri hagræðingu og bættu skipulagi. Hér þarf margt að koma til: bætt tækni-menntun í landinu, efling leiðbeiningarstarfsemi á sviði iðnaðar- og framleiðslumála og mikið fjármagn til aukningar og endurbóta á tæknibúnaði þjóðarinnar. Hér er um að ræða endurbætur, sem að sjálfsögðu hljóta að taka allangan tíma, en þeim mun meiri nauðsyn er að hefjast handa um skipulegar aðgerðir á þessu sviði án tafar. Í þessu skyni þarf þjóðin á öllu sínu fé að halda og meira til. Sjálf-sagt er því að hætta að draga hluta af sparifjáraukningunni úr umferð, því að verði því ekki hætt, verður að taka þeim mun meira fé að láni erlendis, eins og reynslan sýnir.

Á hinn bóginn er eðlilegt að gera ráðstafanir til að tryggja, að hæfilegur hluti af sparifé þjóðarinnar sé notaður til skipulegra ráðstafana til aukinnar verkætækni og framleiðni atvinnuveganna í landinu. Munu þingmenn Framsóknarflokksins flytja á þessu Alþingi frumvörp og þingsályktunartillögur, sem ganga í þessa stefnu og munu sýna, hvernig þeir telja skynsamlegt að ráðstafa sparifénu í stað þess að safna því saman til frystingar í bankakerfinu. Mundi það sýna sig sem fyrr, ef sá háttur væri á hafður, hverju atorkumikið ráðdeildarfólk fær áorkað, ef því er trúað fyrir peningum.

Það er skoðun framsóknarmanna, að ráðstafanir þurfi að gera til að styðja einstaklingsframtak og félagsframtak hinna mörgu, sem vilja bjarga sér og vera efnalega sjálfstæðir, — nota í því skyni hiklaust það fjármagn, sem myndast í landinu. Það verður að snúa við og taka á nýjan leik að styðja uppbyggingu einstaklinga, almannafélaga og byggðarlaga, m. a. með framkvæmd eðlilegrar og heilbrigðrar lána- og vaxtastefnu, í stað þess að leggja stein í götu þessara aðila, eins og gert hefur verið undanfarið, m. a. með innilokun sparifjár og vaxtaokri og jafnvel skattheimtu frá atvinnuvegunum í lán handa þeim sjálfum.

Hinir háu vextir, sem tíðkæzt hafa undanfarin ár, hafa haft í för með sér

mikla erfiðleika fyrir atvinnuvegina, en jafnvægi á peningamarkaðinum hafa þeir ekki skapað. Allur þorri þjóðarinnar, þar á meðal margir þeirra, sem þó styðja stjórnarflokkana, hefur ekkert traust borið til þess, að efnahagsstefna stjórnarinnar mundi leiða til stöðugs verðlags, enda hefur dýrtíðarflóðið blasað við hvers manns augum óslitið frá því fyrsta, að þessi stefna var upp tekin.

Eftirspurn eftir lánsfé hefur farið vaxandi þrátt fyrir háa vexti, og sparifjäreigandinn hefur engan hag af háu vöxtunum, þegar verðbólgan magnast svo, að hún brennir upp öllum vöxtunum og meira til. Fyrir sparifjäreigandann er stöðugt verðlag aðalatriðið. En verðhækkunaráhrif vaxtabyrðarinnar segja til sín og eiga sinn þátt í sjálfri dýrtíðarþróuninni. Þannig er húið að þvæla þjóðinni inn í vítahring, sem verður að brjótast út úr. Það verður að reyna að vinda ofan af verðhækkunarskrúfunni. Vaxtalækkun er eitt af fyrstu skrefunum á þeirri braut, að dómi framsóknarmanna. Jafnframt verður að gera öflugar ráðstafanir til að auka afköst og framleiðni atvinnuveganna, en í því sambandi þarf á sparifjäreigandann að halda til að auka lánveitingar, sem valdið gætu straumhvörfum í þessum efnum, eða að minnsta kosti örari þróun í rétta átt en orðið hefur undanfarið.

Það hefur lengi verið ljóst, að lög nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál, hin svonefndu „viðreisnarlög“, hafa alls ekki náð tilgangi sínum.

Þeim var ætlað að skapa jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar á peningamarkaðinum. Ófullnægð eftirspurn eftir lánsfé mun þó aldrei hafa verið meiri en nú.

Þeim var ætlað að koma í veg fyrir verðbólguþróun, skapa stöðugt verðlag og jafnvægi í efnahagsmálum. Engum dylst þó, að að dýrtíðarflóðið fer sívaxandi, þó að nú sé um sinn tekið til að dylja það með síauknum niðurgreiðslum. Fer því fjarri, að öll kurl séu til grafar komin enn.

Þeim var ætlað að skapa grundvöll að viðskiptafrelsi. Að undanfögnu hefur ríkisstjórnin þó verið að takmarka það viðskiptafrelsi, sem komið hafði verið á.

Þeim var ætlað að lækka skuldir landsins út á við, en þær hafa vaxið stórkostlega.

Þeim var ætlað að afnema uppbætur í öllum myndum, en uppbætur og niðurgreiðslur eru nú orðnar stórfelldar og fara hraðvaxandi.

Það er því sýnilegt, að sú stefna, sem mörkuð var með „viðreisnarlöggjöfinni“ svokölluðu, hefur beðið skipbrot.

Flutningsmenn telja brýna nauðsyn að breyta um stefnu í efnahagsmálunum, fíkra sig í áföngum út úr þeim vítahring, sem „viðreisnin“ hefur leitt þjóðina inn í, og leitast við að skapa eðlilegt ástand. Flutningsmönnum er ljóst, að þær ráðstafanir, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, eru ekki fullnægjandi einar út af fyrir sig. En þeir telja þær þó þýðingarmikil grundvallaratriði. En af samþykkt frumvarpsins mundi leiða:

1. Vextir færðust í eðlilegt horf, eins og þeir voru fyrir vaxtahækkunina 1960, og jafnframt stigið fyrsta skrefið til lækkunar á tilkostnaði, sem hér hefur verið stigið um 5 ára skeið.
2. Sparifjärefrystingunni yrði hætt og auknir að sama skapi möguleikar til útlána til nauðsynlegra umbóta á framleiðslukerfi þjóðarinnar.

Hliðstætt frv. þessu hafa flutningsmenn lagt fram á undanfögnu þingum, en stjórnarflokkarnir lagzt á móti. En nú á milli þinga í sumar hefur ríkisstjórnin látið undan síga í vaxtamálunum á þann hátt, að heitið hefur verið að lækka vexti á íbúðalánum í 4%, eða lækka þá um 4%. Er í þessu sambandi sanngjarnt að minnast þess, að framsóknarmenn sýndu fram á með óyggjandi rökum á síðasta Alþingi, að kjaramálin voru þá orðin óleysanleg með öllu að óbreyttum þeim húsnæðiskostnaði, sem orðinn var, m. a. vegna óhagstæðra lána til íbúðabygginga. Ekki vildi ríkisstjórnin á þetta hlusta þá og var kallað lýðskrum að berjast fyrir vaxtalækkun. En það kom fram í vor, sem framsóknarmenn sögðu fyrir, að kjarasamningum varð ekki á komið, nema vextir til íbúðalána væru lækkaðir. Þegar svo var komið, reyndist það framkvæmanlegt, sem áður var talin fjarstæða.

Er óhjákvæmilegt að lækka einnig vexti á öðrum stofnlánum, og munu flutningsmenn halda áfram baráttunni fyrir því, ásamt baráttunni fyrir almennri vaxtalækkun.

Í þessu sambandi er sérstök ástæða til að minnst þess, að lækkun vaxta, hækkun og lenging stofnlána til landbúnaðarins er eitt mesta nauðsynjamál sveitanna og um leið þýðingarmikið þjóðmál, því að verðlagsmál landbúnaðarins komast aldrei í viðunandi horf með því að ætla landbúnaðinum verri lánskjör hér en nokkurs staðar annars staðar.

Nánar í framsögu.